

Fundargerð

Efni fundar: Háskólaráð 2026-01

Dagsetning: 20. janúar 2026

Staðsetning: Hvanneyri og TEAMS

Málsnúmer: MAL2024090245

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Áshildur Bragadóttir, Jóhanna Gísladóttir, Bragi Geir Bjarnason og Guðrún Tryggvadóttir.

Linda Rún Pétursdóttir, Helgi Eyleifur og Sigríður Björnsdóttir voru gestir fundarins undir lið 1.

Forföll: Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Birgir Þór Haraldsson og Þórunn Jónsdóttir.

Fundur settur 13:15.

1. Nám í tamningum

Linda Rún kynnir hugmyndir um 60 eininga námsleið í tamningum hesta á framhaldsskólastigi. Fýsileikagreining hefur farið fram. Námið myndi standa yfir í 1 ár og deilast yfir á haustönn og vorönn. Farið var yfir þarfir innanlands fyrir slíkt nám, markhóp, hugmyndir um inntökupróf, verknám og kennara. Gróf uppsetning náms kynnt. Gert er ráð fyrir því að skólinn útvegi tryppi fyrir nemendur. Skoða þyrfti hvort námið yrði kennt sem örnám (micro-credentials). Farið yfir drög að rekstraráætlun. Næstu skref framundan væru að ljúka áætlun og því að móta námskrá og eiga samtöl við mögulega kennara. Rektor ræðir heimild háskólans í bráðabirgðalögum um að bjóða upp á starfsmenntanám. Lagt er upp með að námið verði 100% staðnám á Hvanneyri (fyrir utan verknámið en það myndi fara fram á búi utan Hvanneyris). Ekki verður boðið upp á námið fyrir einstaklinga undir 18 ára. Til að háskólaráð geti tekið afstöðu til námsleiðarinnar verður að liggja fyrir lokadrög að námskrá, upplýsingar um tekjur og gjöld og fara yfir lagaheimild. Taka þarf afstöðu til þess hvort bjóða eigi upp á námsleiðina á næsta fundi háskólaráðs.

2. Gjaldtaka nemenda utan EES sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (gjaldtökuheimildir)

Samkvæmt frumvarpi til laga er gert ráð fyrir að opinberir háskólar geti tekið gjald af nemendum utan EES frá og með 1. júlí 2026. Málið er nokkuð seint fram komið, þar sem umsóknarfrestur nemenda utan EES er 1. febrúar næstkomandi. Lagt til að ekki verði lögð skólagjöld á þá nemendur sem nú þegar stunda nám hjá okkur og eru utan EES, og muni bara gilda um nýja nemendur, svo lengi sem nemendurnir klári á réttum tíma. Lagt til að reiknaður verði út áætlaður kostnaður á hverja námsleið og drög að gjaldskrá unnin sem fyrst, svo háskólinn sé tilbúin með verðskrá verði

frumvarpið samþykkt. Þá sé hægt að senda nemendum sem sótt hafa um nám hjá okkur frá haustönn 2026 upplýsingar um það þegar þetta er komið í ljós. Framkvæmdastjórn tekur málið áfram.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008

Tekið hefur verið tillit til einhverra athugasemda úr samráði. Verið er að leggja drög að því að fækka opinberum háskólum með frumvarpinu. Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum munu samkvæmt frumvarpinu sameinast formlega 1. júlí næstkomandi.

4. Heimild til hækkunar skráningargjalda hjá opinberum háskólum

Frumvarp samþykkt. Rektor leggur til að skráningargjöld verði hækkuð í 100.000 kr. frá og með næsta skólaári. Samþykkt án athugasemda.

5. Nám í dýralækningum

Athugasemdir bárust frá SGGW um endurbætur á námslýsingum okkar hvað varðar viðveru kennara með nemendum og er verið að vinna úr því. Framundan eru fundir með rektor og aðstoðarrektor SGGW í Póllandi til að ræða þessa kröfu og hvernig námið yrði útfært hér á landi fyrstu 2 árin. Rektor mun funda með ráðherra háskólamála í lok vikunnar til að ræða nýtt dýralækninganám m.t.t. fjármögnunarlíkansins. Mikilvægt er að klára undirbúning sem fyrst til þess að ná að taka afstöðu til námsins í háskólaráði ef taka á inn nemendur haustið 2026.

6. Gervigreindarstefna

Vinna er farin af stað við gerð gervigreindarstefnu fyrir skólann. Drög að gervigreindarstefnu kynnt fyrir ráðinu. Málið verður unnið áfram í framkvæmdastjórn og kallað eftir endurgjöf háskólaráðs. Samþykkt stefnunnar verður á dagskránni með vorinu eftir að málið hefur verið kynnt starfsmönnum, meðal annars á deildarfundi.

7. Gæðamat

Stór úttekt fór fram haustið 2022 og skýrsla með niðurstöðum hennar kom út í apríl 2023. Skila á árlegri skýrslu þar sem farið er yfir hvað gert hefur verið til úrbóta út frá þeim atriðum sem bent var á 2023. Rektor á fund með Gæðamatinu ásamt fleiri starfsmönnum og fulltrúa nemenda á fimmtudag og mun upplýsa háskólaráð eftir fundinn um stöðu mála. Drögum af árlegu skýrslunni deilt með háskólaráði til upplýsingar. Engar athugasemdir við drögin.

8. Jarðræktarmiðstöð og rannsóknargróðurhús

Kostnaðarmat á framkvæmdinni hækkaði mikið við endurskoðun hjá FSRE. Í framhaldi var fundur með ráðuneyti háskólamála. FSRE hefur kallað eftir viðbrögðum frá ráðuneytinu og þau eiga að berast í þessari viku. Háskólinn hefur komið sínum óskum á framfæri, um að rannsóknargróðurhúsið gæti frestast ef þörf sé á, og forgangsraða eigi jarðræktarmiðstöðinni.

9. Mál til kynningar

- a. Hugverkastefna – beiðni verður send út til fulltrúa háskólaráðs um að rýna drög stefnunnar og veita endurgjöf.

- b. Sendiherra Kanada kemur í heimsókn 12. febrúar á Hvanneyri.
- c. Krónan vill koma í samstarf við háskólann og gera 3 ára samstarfssamning. Meðal annars hafa þau áhuga á að koma í samstarf um vöruþróun. Háskólaráð tók vel í þær hugmyndir.

Fundi slitið kl. 14:43.